

# Tilkynning um reglubreytingu

Dags: 1. desember 2023

## Breytingar á Nasdaq First North Growth Market Rulebook

Nasdaq Copenhagen A/S, Nasdaq Helsinki Ltd, Nasdaq Stockholm AB, og Nasdaq Iceland hf. (héreftir sameiginlega "Nasdaq Nordic") hafa ákveðið að gera breytingar á Nasdaq First North Growth Market Rulebook ("reglurnar"). Breytingarnar snúa m.a. kröfum um sjálfstæði Viðurkenndra ráðgjafa og viðbrögð þeirra við hagsmunaárekstrum. Viðurkenndir ráðgjafar gegna mikilvægu hlutverki á First North við að tryggja traust og trúverðugleika markaðarins. Það er því mikilvægt að fyrirtæki sem taka að sér að vera Viðurkenndur ráðgjafi séu vel meðvituð um mögulega hagsmunaárekstra sem geta fylgt hlutverkinu. Breytingarnar snúa því meðal annars að því hvernig styrkja megi sjálfstæði Viðurkenndra ráðgjafa til að draga úr hagsmunaárekstrum.

Nasdaq Iceland ("Kauphöllin") hefur aftur á móti tekið ákvörðun um að gera hér eftir einungis kröfu um Viðurkenndan ráðgjafa við töku hlutabréfa til viðskipta en ekki á viðvarandi grunni á First North Iceland. Sú breyting snýr einungis að First North Iceland.

Þá hefur Kauphöllin tekið ákvörðun um að gera breytingar á reglum um birtingu fjárhagsupplýsinga og um beitingu óopinberra áminninga, sem eiga sömuleiðis einungis við á First North Iceland.

Breytingarnar eru dregnar saman hér að neðan.

## Samantekt á breytingum

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á sameiginlega hluta reglnanna (á við um alla markaði):

- Uppsetningunni á kafla 5 hefur verið breytt til að skýra betur hlutverk Viðurkenndra ráðgjafa. Ath. þó, eins og kemur fram hér að framan, að hlutverk þeirra á íslenska markaðnum mun einskorðast við töku hlutabréfa til viðskipta.
- Ákvæði 5.2(h), um kröfur sem gerðar eru til Viðurkenndra ráðgjafa, er styrkt með því að taka fram með skýrari hætti að Viðurkenndir ráðgjafar þurfi að greina og skýra frá mögulegum hagsmunaárekstrum sem snúa að hlutverki þeirra sem Viðurkenndir ráðgjafar í verkferlum sínum, sem og hvernig brugðist er við slíkum hagsmunaárekstrum.
- Ákvæði 5.3, um hæfi (e. suitability) Viðurkenndra ráðgjafa, hefur verið skýrt betur.
- Ákvæði 5.6: Nýrri reglu hefur verið bætt inn í ákvæði 5.6 um viðurlagaskimanir (e. sanction screening), þar sem tekið er fram að Viðurkenndir ráðgjafar, sem og tengiliðir þeirra, þurfi að standast viðurlagaskimun áður en þeir eru samþykktir af Kauphöllinni. Að auki er tekið fram að Kauphöllin geti farið fram á að Viðurkenndur ráðgjafi, eða tengiliðir hans, standist viðurlagaskimun á síðari stigum.
- Ákvæði 5.7, um sjálfsstæði Viðurkenndra ráðgjafa, hefur verið eft til að draga úr mögulegum hagsmunaárekstrum með eftirfarandi hætti:
  - Bann við kaupum eða sölu á hlutabréfum eða hlutabréfatengdum fjármálagerningum í útgefanda á meðan fyrirtæki er Viðurkenndur ráðgjafi útgefandans mun einnig eiga við um tengiliði Viðurkennda ráðgjafans sem og aðra starfsmenn sem taka þátt í störfum Viðurkennda ráðgjafans (e. involved in

the Certified Advisor). Þá er það nánar skýrt hvað það þýðir að taka þátt í störfum Viðurkennda ráðgjafans.

- Útgefanda verður ekki heimilt að greiða Viðurkenndum ráðgjafa fyrir störf sín með hlutabréfum eða hlutabréfatengdum fjármálagerningum, þar sem slíkar greiðslur geta falið í sér hagsmunaárekstra, óháð aðskilnaði milli deilda.
  - Tekið er fram með skýrari hætti að Viðurkenndum ráðgjafa er einungis heimilt að sinna öðrum ráðgjafastörfum fyrir útgefanda ef þau fela ekki í sér hagsmunaárekstra í tengslum við hlutverk Viðurkennds ráðgjafa og að því gefnu að það ríki skýr aðskilnaður milli slíkra hlutverka (ákvæði 5.7.7).
  - Aðilar sem taka þátt í störfum Viðurkennds ráðgjafa er ekki heimilt að taka saman eða veita fjárfestingarráðgjöf (e. investment recommendations) um útgefanda sem þeir eru Viðurkenndur ráðgjafi fyrir.
- Aðrar minniháttar tæknilegar breytingar eða breytingar á orðalagi.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á Supplement A, sem á einungis við á First North Iceland:

- Eins og áður segir mun hlutverk Viðurkennds ráðgjafa á First North Iceland hér eftir einskorðast við töku hlutabréfa til viðskipta og mun því ekki eiga við á viðvarandi grunni. Sú breyting er gerð með vísan í að útgefendur á Íslandi þurfa skv. lögum að vera með regluvörð, sem deilir ákveðnum skyldum Viðurkenndra ráðgjafa, en samskonar krafa er ekki á hinum Norðurlöndunum. Þá er bætt við lið sem kveður á um að hlutverk regluvarðar skuli einnig ná yfir hlýtni með reglunum sem og að að lágmarki einn aðili innan útgefanda sem kemur að undirbúningi og birtingu upplýsinga til markaðarins skuli búa yfir reynslu og þekkingu sem samsvarar þeim kröfum sem gerðar eru til tengiliðs innan Viðurkennds ráðgjafa.
- Tímamörk birtingar fjárhagsupplýsinga verða samræmdar kröfum sem gerðar eru í lögum. Í því felst að útgefandi hafi fjóra mánuði til að birta ársreikning opinberlega og þrjá mánuði til að birta hálfssársreikning opinberlega. Kauphöllin minnir þó á að krafan um birtingu innherjaupplýsinga getur áfram gert það að verkum að útgefendur geti þurft að birta tilteknar fjárhagsupplýsingar fyrr en kveðið er á um í þessum hluta reglnanna.
- Möguleika eftirlitssviðs Nasdaq Iceland til að beita óopinberum viðurlögum er bætt við reglurnar, til að samræma þær við aðrar reglur Nasdaq Iceland.

## Athugasemdir

Við viljum endilega heyra álit ykkar svo við getum tryggt að reglurnar séu skýrar og þjóni markmiðum sínum um að tryggja viðeigandi fjárfestavernd. Sömuleiðis væri gott að fá að vita ef það er eitthvað annað sem þið teljið að megi skýra eða lagfæra í reglunum.

Þið getið sent spurningar eða athugasemdir á netfangið surveillance.ice@nasdaq.com. Lokafrestur til að koma formlegum ábendingum á framfæri er til 15. desember 2023.

## Gildistaka

Breytingarnar taka gildi 1. Janúar 2024.

Hægt er að hlaða niður reglunum á eftirfarandi vefsíðu:

<https://www.nasdaq.com/market-regulation/nordics/first-north-mtf-rules>